

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 80/1994.

Vígús Björgvinsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Féfangi hf.

(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1994. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 487.352 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 25. nóvember 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 9. júní 1993. Hinn 9. desember sama ár var málið endurupptekið, og fór munnlegur flutningur málsins þá fram að nýju. Í þinghaldi 13. janúar 1994, sem boðað var til uppkvaðningar dóms í málinu, var eftirfarandi bókað: „Af hálfu stefnanda (svo) sækir þing Þórður S. Gunnarsson hrl. Ekki var talin þörf á endurflutningi málsins, sbr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Í málinu var kveðinn upp svofelldur dómur: . . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án málflutnings að nýju, er fimm vikur voru liðnar frá aðalmeðferð. Lögmaður áfrýjanda var þá ekki viðstaddur. Verður ekki talið, að fjarvera lögmannsins feli í sér yfirlýsingu um, að hann hafi talið óþarft að flytja málið munnlega að nýju. Þessi málsmeðferð er skýlaust brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
